



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Umsögn um tillögu aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks vegna breytinga á fyrirkomulagi akstursþjónustu fatlaðs fólks

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks þann 2. mars 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga aðgengis- og samráðsnefndar um breytingar á fyrirkomulagi varðandi akstursþjónustu fatlaðs fólks:

Aðgengis- og samráðsnefnd leggur til að gjaldskrá akstursþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík verði endurskoðuð á þann hátt að fatlaðir foreldrar þurfi ekki að greiða auka fargjald fyrir börn sín yngri en 16 ára. Á sama hátt þurfi þeir notendur þjónustunnar sem hafa persónulegt aðstoðarfólk ekki að greiða aukalega fyrir það. Að lokum leggur nefndin til að bílstólar og annar öryggisbúnaður sem hentar börnum á mismunandi aldri verði til taks hjá Pant þannig að notendur geti óskað eftir skilgreindum búnaði fyrir hverja ferð sem þönguð er.

Tillögunni fylgdi greinargerð.

Tillagan var samþykkt og vísað til meðferðar velferðarráðs.

Umsögn:

Fötluð börn sem eru notendur akstursþjónustunnar á grunnskólaaldri greiða ekki fyrir ferðirnar sínar. Akstur þeirra í skóla eða frístund er þeim því að kostnaðarlausu. Fötluð börn á leikskólaaldri greiða fyrir þjónustuna. Ef sá hópur fengi fría akstursþjónustu er kostnaðurinn við breytinguna metinn á 9,5 m.kr. á ári.

Í dag greiða fatlaðir foreldrar fyrir börn sín sem ferðast með þeim ef þau eru eldri en sex ára. Ekki liggur fyrir skráning á því hvaða notendur eiga mörg börn né á hvaða aldri. Það er ekki heldur skráning á því hversu oft notendur hafa bókað fyrir börnin sín með sér í ferðir. Það eru því ekki forsendur til að meta hvað mundi kosta að láta þann hóp fá frían akstur með foreldrum sínum.

Ef akstursþjónustan væri með bílstóla fyrir börn þyrfti að gera ráð fyrir þremur gerðum eftir aldri barnanna. Bakvísandi fyrir 0-1 árs, framvísandi fyrir 9 mánaða til 4 ára og sessa með baki fyrir eldri en fjögurra ára. Sessu með baki er hægt að fá fyrir rúmlega 20 þúsund kr. en ungbarnasæti kosta um 50 þúsund kr. hvert. Farnar eru um 250 ferðir á dag með reykvísk börn á virkum dögum. Fyrir aksturinn notast Pant akstursþjónusta við sérútbúna bíla og leigubíla. Leigubílarnir eru hundruð talsins og væri dýrt að setja búnað í þá alla. Sérútbúnu bílarnir eru 46 talsins. eru þeir allir með fjögur sæti aftur í nema ein smárúta sem er með 15 sæti. Tvær leiðir er hægt að fara til að hafa öryggisbúnað til taks ef óskað er eftir honum. Annars vegar að hann sé í geymslu sem allir bílstjórar hafi aðgang að og sæki og skili búnaðinum eftir akstur barnanna. Hins vegar að í öllum bílum sé búnaður til taks fyrir sætin í bílnum.



Ef öryggisbúnaður á að vera fyrir öll sæti þá væru það fjórar sessur með baki sem er búnaðurinn fyrir eldri en fjögurra ára og líkast til væri nóg eitt sæti af hvorri tegund fyrir yngri börnin. Mundi búnaðurinn fyrir allan flotann þá kosta um 8.800.000 kr. (hugsanlega væri þó hægt að fá magnafslátt). Slíkur búnaður er plássfrekur og það er enginn staður til að geyma hann þegar hann er ekki í notkun. Með núverandi bílakost er því ekki hægt að bjóða upp á að stólar séu til taks þar sem þeir yrðu í vegi farþega sem þurfa ekki á þeim að halda.

Möguleiki væri að fá geymslu miðsvæðis þangað sem bílarnir myndu sækja og skila stólunum. Pant keyrir skólabörn fjærst í Mosfellsbæ og út á Álftanes. Það yrði því mikið um akstur með tóma bíla þar sem það þyrfti að sækja og skila búnaðinum og bílarnir væru ekki til taks strax fyrir gangandi farþega. Til dæmis á morgnana fara bílarnir strax í að keyra aðra farþega í vinnu og dagvistun sem þeir gætu ekki. Þyrfti þá að stækka bílaflotann nokkuð til að bæta upp fyrir það. Auk þess byrjar skólaakstur milli sjö og hálf átta á morgnana, en bílstjórar þyrftu þá að fara fyrr af stað til að sækja búnað sem hefði í för með sér yfirvinnu. Ekki liggur fyrir kostnaður við þessa breytingu, þ.e. fjölgun bíla, greiðslu yfirvinnu og leigu/kaup á geymsluhúsnæði.

Samkvæmt ofangreindu er það er mat skrifstofu velferðarsviðs að ekki sé raunhæft miðað við stöðuna í dag að gera þær breytingar sem felast í tillögunni varðandi búnað í bílum akstursþjónustunnar. Tekið er undir að eðlilegt væri að sama gjaldskrá gildi fyrir börn, hvort sem þau fara með akstursþjónustunni eða strætó. Þá er vert að taka fram að ekki er krafist gjalds fyrir aðstoðarfólk og ávallt er lögð mikil áhersla á að tryggja öryggi farþega, bæði barna og fullorðinna og núverandi fyrirkomulag mætir kröfum þar um.